

Hverfisráð Árbæjar

Ár 2016, þriðjudaginn 5. apríl var haldinn 123. fundur hverfisráðs Árbæjar. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Hraunbæ 115 og hófst hann kl.16:15. Viðstaddir voru: Þorkell Heiðarsson, Hildur Hrönn Oddsdóttir, Björn Sigurður Gunnarsson varamaður, Björn Gíslason, Þráinn Árni Baldvinsson og Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir. Einnig voru viðstödd: Elvar Örn Þórisson, áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Árbæjar, Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri ÞÁG. Fundarritari var Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri ÞÁG.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað, dags. 14. mars 2016, frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðs Árbæjar um rekstur félagsmiðstöðvar SFS á félagsstarfi eldri borgara í Hraunbæ 105.

Hverfisráð Árbæjar leggja fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Árbæjar styður framkomna hugmynd sem lýst er í samningi sem liggur fyrir milli velferðarsviðs og skóla – og frístundasviðs og varðar félagsstarfið í Hraunbæ 105. Mál þetta hefur verið kynnt hverfisráði meðfram vinnslu þess. Markmið samningsins er að efla félagsstarfið jafntframt því að mannaflí og húsnæði Reykjavíkurborgar sé sem best nýtt.

2. Skipting fjármagns Forvarnarsjóðs Reykjavíkurborgar.
3. Umfjöllun umsókna í Forvarnarsjóð Reykjavíkurborgar. Sex umsóknir hafa borist hverfisráði.

- Kl. 17:05 vikur Guðbjörg Sveinbjörnsdóttir af fundi.
- Kl. 17:15 vikur Björn Gíslason af fundi vegna umræðu um Litla íþróttaskólann.

Hverfisráð Árbæjar hefur ákveðið að styðja þrjár umsóknir, Litli íþróttaskólinn upphæð 360.000.-, fræðslu- og lýðheilsuganga um Árbæinn upphæð 65.000, Hjólakraftur í Norðlingaskóla upphæð 250.000.-

- Kl. 17:30 Björn Gíslason tekur sæti á fundinum.

4. Umsókn litla forvarnarteymis um styrk vegna framkvæmdar á samtali foreldra og starfsmanna í forvarnarmálum Árbæjar og Grafarholts- Sumarið er tíminn. Sótt er um styrk að upphæð 60.000.- Samþykktur styrkur að kr. 60.000.-

5. Fulltrúi vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Lóð við Hestavað Austan við Bros í Norðlingaholti, mikill sóðaskapur og byggingadrasl er á svæðinu. Hver á lóðina og tækin á lóðinni? Fyrir utan sóðaskap þá skapar þetta hættu fyrir börn sem eru þarna að leik. Fulltrúi vinstri grænna óskar eftir því að lóðin verði hreinsuð á kostnað eiganda. Bókun þessi berist til umhverfis –og skipulagsvið Reykjavíkurborgar.

6. Önnur mál.

Fundi slitið kl.18:02

Þorkell Heiðarsson

Björn Gíslason
Jónína Ingibjörg Samúelsdóttir

Þráinn Árni Baldvinsson
Hildur Hrönn Oddsdóttir